



Handbók fyrir

# ***Goðamót Þórs***

5 kk – 17.-19. mars 2017



# Goðamót 2017 - 5 kk



## Mótsstjórn og símanúmer

**Aðsetur mótsstjórnar er á 2. hæð í Hamri, félagsheimili Þórs.**

**Mótsstjóri:** Haraldur Ingólfsson, s. 824 2778. **Ljósmyndari:** Páll Jóhannesson, thorsport.is

**Gjaldkeri:** Valdimar Pálsson.

Vefur mótsins: [godamot.is](http://godamot.is) og [www.facebook.com/godamot](http://www.facebook.com/godamot).

**Hamar, félagsheimili Þórs: 461 2080. Læknavaktin á Akureyri: 848 2600.**



**Glerárskóli - Vakt í Glerárskóla:** Foreldrar í sjálfboðavinnu, sími vaktmanns er 698 5051.

- Vinsamlega notið skóhillur sem merktar eru hverju liði fyrir sig.
- Virðið búnað skólans, verk nemenda og allt sem í skólanum er.
- Boltaleikir eru bannaðir innan dyra, einnig hlaup og eltingarleikir.
- Millistykki eru til láns hjá vaktmanni.
- Matsalurinn er opinn til að borða nesti. Brauðgrill má aðeins nota í matsalnum, við opinn glugga, en hvorki í stofum og gangi. Vinsamlega gangið frá að lokinni notkun.
- Liðin eru á ábyrgð fararstjóra hvers félags, vaktmaður mótsins er ekki barnapía.
- Vaktmaður læsir og opnar stofur ef óskað er.
- Mælst er til að ró sé komin á svefnstað kl. 23.00. Skólanum er læst á miðnætti.



## Keppnisreglur

1. Keppnisvellir eru um 50x32 metrar. Vítateigur er 8 m frá hvorri marksúlu og 8 m út á völinn. Vítapunktur er 8 metra frá miðri marklínu.
2. Leiktími er 2 x 12 mínútur og leikhlé er 2 mínútur.
3. Úrslit leikja eru skráð með að hámarki þriggja marka mun. Markatala skiptir þó engu máli við röðun liða.
4. Reglur KSÍ um 7 manna knattspyrnu gilda, m.a. að: A) Skiptingar eru frjálssar. B) Upphafsspyrna skal tekin á miðju og heimilt að spyrna í hvaða átt sem er. C) Leikmenn geta ekki verið rangstæðir. D) Einungis eru **beinar aukaspyrnur** og skulu mótherjar vera a.m.k. 6 m frá.
5. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt: A) Fjölda stiga. B) Fjölda stiga í innbyrðis leik(jum). Verði lið þá enn jöfn í verðlaunasæti í lok móts deila þau með sér viðkomandi verðlaunum.
6. Keppt er í fjórum flokkum, **Argentínu** (8 lið), **Brasilíu** (10 lið), **Chile** (8 lið) og **Danmörku** (12 lið). Í **Argentínu** og **Chile** er spiluð einföld deildarkeppni, allir við alla, engir úrslitaleikir. Í **Brasilíu** er liðunum skipt í tvo riðla, síðan spilað í kross í lok laugardags (1v4, 2v3, 3v4, 4v1, 5v5) og á sunnudag spila öll liðin tvo leiki (bæði sigurlið og taplið). Í **Danmörku** eru tveir riðlar, síðan spilað í kross 1v2, 2v1, 3v4 o.s.frv. og endað á úrslitaleikjum um sæti.
7. Sigurlið fær bikar og verðlaunapeninga á liðsmenn, liðin í öðru og þriðja sæti fá verðlaunapeninga. Allir keppendur fá mótsgjöf Goða að móti loknu.



# Goðamót 2017 - 5 kk



## Föstudagur 17. mars

### Boginn

Kl. 16.00-20.30: **Fótbolti.** Sjá leikjaplan á godamot.is og Facebook.com/godamot.  
**ATHUGIÐ: BANNAÐ ER AÐ FARA MEÐ MATVÆLI OG DRYKKI, ANNAÐ EN VATN, INN Á GERVIGRASÍÐ.**

### Hamar

Kl. 15-18: **Gjaldkerinn á vaktinni.** Afhending armbanda. Þau félög sem ekki hafa þegar millifært mótsgjaldið gangi frá greiðslu í Hamri fyrir sinn fyrsta leik. Ekki verður formlegur fararstjóra- eða þjálfarafundur, en allir velkomnir í spjall við mótstjórnann.



### Glerárskóli

Kl. 15.00: **Skólinn opnaður.** Athugið að ekki er hægt að hleypa liðum fyrr inn í skólann.  
Kl. 18.00-20.00: **Kvöldmat.** Innifalið í mótsgjaldinu hjá þeim liðum sem gista í skólanum. Sýna þarf armband mótisins. Stakar máltíðir kosta 1.000 kr. Aðeins tekið við peningum.

### Ýmis afþreying

Kl. 13-16 og 19.00-21.00: **Skautahöllin.** Opið fyrir almenning, skautadiskó um kvöldið. Þátttakendur á Goðamótum og fjölskyldur þeirra fá afslátt, upplýsingar í sínum 461 2440 og 616 7412.

Kl. 17.30-21.00: **Glerárlaug.** Frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Minnum á tímaskipulag fyrir sundferðir.

**Sambíóin.** Tilboð: a) Bíómiði á 900 kr. b) Bíómiði, lítið popp og kók á 1.150 kr. Æskilegt að hafa samband við bíóið fyrirfram ef farið er með hóp. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*



## Laugardagur 18. mars



### Boginn

Kl. 8.00-15.30: **Fótbolti.** Sjá leikjadagskrá á godamot.is.  
Göngum vel um, hendum rusli í tunnur og berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins, húsinu og búnaði þess. Bannað að leika á hástökkdýnunum í Boganum.



Kl. 09.30-13.00 **Liðsmyndatökur** - Ljósmyndari Goðamótanna tekur liðsmyndir við stóra Goðamerkið í miðjum Boganum. Myndirnar verða aðgengilegar öllum á mot.thorsport.is og Facebook-síðu Goðamótanna, þangað sem allir geta sótt þær.

### Hamar

Kl. 8.00-17.00: **Veitingasala í Hamri.** GOÐA-kjötsúpan, ristaðar samlokur og fleira.

### Glerárskóli

Kl. 6.45-9.30: **Morgunverður.** Sýnið armbandið. Stakur morgunv. á 500 kr. Enginn posi.

Kl. 11.45-13.45: **Hádegisverður.** Sýnið armbandið. Þessi máltíð er einnig innifalin hjá þeim liðum sem ekki gista í skólanum, þ.e. Þór og KA.

Kl. 18.00-20.00: **Kvöldverður.** Sýnið armbandið. Stakar máltíðir á 1.000 kr. Enginn posi.

### Ýmis afþreying

Kl. 09.00-18.30: **Glerárlaug.** Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Munið eftir tímaskipulaginu svo ekki séu allir í sundi á sama tíma.



# Goðamót 2017 - 5 kk



## Ísrútan frá Hamri í Ísgerðina í Kaupangi



**Kl. 14.00-16.00: Ísgerðin í Kaupangi við Mýrarveg.** Rútuferðir frá Hamri (félagsheimili Þórs við Bogann) í boði **Hópferðabíla Akureyrar** samkvæmt uppröðun í tímaskipulagi mótsins. Fararstjóri/liðsstjóri verður að fara með öllum liðum í rútna. Fyrsta brottför er kl. 14.00 og farið um það bil á 40 mínútna fresti. Athugið: Rútan bíður við Ísgerðina á meðan allir fá ís og klára hann.

Þátttakendum er frjálst sleppa rútuferðinni og **fara á eigin vegum í Ísgerðina utan þess tíma sem rútan gengur á laugardag** og þiggja ísinn sem innifalinn er í mótinu. Sýna þarf mótsarbandið til að fá ísinn. **Ísgerðin býður einnig þátttakendum og fjölskyldum þátttakenda upp á 20% afslátt alla helgina.**

Vekjum athygli á að Ísgerðin hefur einnig á boðstólum í kúluísborði laktósafrían ís fyrir þá þátttakendur sem eru með mjólkuróþol. Bendum fararstjórum/liðsstjórum á að gefa sig fram við starfsfólk ef þörf er á að nýta sér þennan kost.

**Ísgerðin**

Goðamótsgestir, verið hjartanlega velkomin til okkar í Ísgerðina.

**GOÐI**

20% afsláttur af ís fyrir keppendur og fjölskyldur þeirra alla helgina!

Barna-bragðarefur á 600 kr.

f ERUM Á FACEBOOK

**Kaupangi // Sími 469 4000 // Opíð virka daga 14-23 // Helgar 12-23**

Athugið að Skautahöllin er lokuð í dag vegna íþróttamóts.



**Sambíóin.** Tilboð: a) Bíómiði á 900 kr. b) Bíómiði, lítið popp og kók á 1.150 kr. Æskilegt að hafa samband við bíóið fyrirfram ef farið er með hóp. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*

# Goðamót 2017 - 5 kk



Sunnudagur 19. mars

**Glerárskóli** Kl. 7.30-9.30: Morgunverður. Sýnið armbandið. Stakur morgunverður á 500 kr. Enginn posi.

**Boginn** Kl. 8.30-13.30: Fótolti. Keppendur hafa aðgang að sturtum í Hamri.

**Hamar** Kl. 10.30-12.30: Niðurskornir ávextir í boði í Hamri.  
Kl. 12.00-14.00: Goðagrillið. Grillaðar pylsur og Svali fyrir þátttakendur.



**Ýmis afþreying** Kl. 13-16: Skautahöllin. Opið fyrir almenning. Þátttakendur á Goðamótum og fjölskyldur þeirra fá afslátt, upplýsingar í sínum 461 2440 og 616 7412.



Kl. 09.00-12.00: Glerárlaug. Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Lið sem ljúka keppni eftir að sundlauginni er lokað hafa aðgang að sturtum í Hamri ef óskað er.

Kl. 16.00: Leikfélag Akureyrar – Núnó og Júnía. Fjölskylduleikrit sem sýnt er í Menningarhúsinu í hofi. Íslenskt leikrit fyrir börn og unglunga. Sérstakt tilboð fyrir Goðamóts gesti: 4.100 krónur (fullt verð 4.900 kr.) Tilboðið er hægt að nýta með því að fara inn á slóðina hér að neðan: <https://www.tix.is/is/buyingflow/specialoffer/vqc456wyzjrgo/> Einnig eru í boði tilboð á sýningar 26. mars (<https://www.tix.is/is/buyingflow/specialoffer/raymjfv6xr2ka/>) og 2. apríl (<https://www.tix.is/is/buyingflow/specialoffer/ijxce5vtrfmgw/>).

